

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi þéttbýlisins Laugarvatni, Dalbraut 10 og 12.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir stækkun á gistiheimilinu Dalbraut 10 og að nýtingarhlutfall lóðarinnar aukist úr 0,45 í 0,8. Ennfremur verður nýjum bílastæðum bætt við fyrir framan lóðir nr. 12 og 14.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2014.
2. *Breyting á deiliskipulagi í landi Miðdalskots.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa fimm allt að 100 m² gistihús í stað 80 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2014.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. október 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2014